

## Ráð til að meta og skilja efni af netinu

### 1. Meta hvort vefurinn er áreiðanlegur eða ekki:

- a. HVER
  - i. Hver skrifaði upplýsingarnar? – er höfundur nefndur?
  - ii. Er höfundur eða samtök/félagsskapur vel þekktur?
  - iii. Er hægt að hafa samband við viðkomandi?
  - iv. Fyrir hvern er efnið ætlað?
  - v. Er vefurinn ætlaður börnum eða fullorðnum?
  - vi. Eru efnistöð einhliða?
  - vii. Er líklegt að einhver lesandi komist í uppnám við lesturinn?
- b. HVERS VEGNA
  - i. Hvers vegna var síðan sett upp?
  - ii. Er tilgangurinn að þéna peninga?
  - iii. Inniheldur síðan “banner” auglýsingar og “pop-up” glugga?
  - iv. Eru upplýsingar á vefnum úreltar?
- c. HVAR
  - i. Hvar er vefurinn hýstur? Þessar upplýsingar má oft finna undir höfundarétti eða notkunarskilmálum (oft neðst á vefsíðum). Sjá einnig neðar hvernig nota má vefinn [www.easywhois.com](http://www.easywhois.com).
  - ii. Hvað segir vefslóðin þér? – er þetta nafn á fyrirtæki, einstaklingi osfrv?
  - iii. Í hvaða landi er vefurinn gerður? Endir á URL gefur oft vísbendingar, og [www.easywhois.com](http://www.easywhois.com) getur reynst gagnlegt.
- d. HVAÐ
  - i. Hvaða upplýsingar finnur þú á vefnum?
  - ii. Virðast þessar upplýsingar vera áreiðanlegar?
  - iii. Samræmast upplýsingarnar því sem þú vissir þegar?
  - iv. Virðist vanta mikilvægar upplýsingar?
  - v. Eru tenglar yfir á aðra áreiðanlega vefi?
- e. HVENÆR
  - i. Hvenær voru upplýsingarnar útbúnar?
  - ii. Virka tenglar á vefnum?
- f. HVERNIG
  - i. Hvernig fannst þú vefinn?
  - ii. Benti traustur aðili á vefinn?

## 2. Finndu út hverjir hafa tengla á viðkomandi vef:

Notaður **link:www** skipunina í hvaða leitarvél sem er. Ef þú skrifar link: og svo veffangið sem þú villt nota finnur þú alla vefi sem hafa tengil á viðkomandi vef. Þetta getur verið mjög gagnleg leið til að meta áreiðanleika vefsins.

## 3. Safnaðu upplýsingum um vefinn sem þú er að nota

- Þegar þú notar vefinn – reyndu að skrifa allt URL vefsins í google. Þannig getur þú fundið ýmsar upplýsingar sem tengjast vefnum.
- Notaðu [www.easywhois.com](http://www.easywhois.com) til að finna frekari upplýsingar um vefinn, t.d. hvenær hann var stofnaður og hver á hann.

## 4. Hvað segir viðskeyti vefs okkur?

.ac – Menntun og skólar

.biz – Viðskipti

.co – Viðskipti

.com – Viðskipti og almennt

.edu – Menntun

.gov – Stjórnvöld og stjórnslá

.int – Alþjóðlegt

.net – Netverk

.org – Samtök

(sjá einnig [http://en.wikipedia.org/wiki/Generic\\_top-level\\_domain](http://en.wikipedia.org/wiki/Generic_top-level_domain))